

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	8. apríl 2024	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	SK			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Ingileif Oddsdóttir (IO), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::	Helga Þórisdóttir (HÞ)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 8. apríl 2024

1. Fundargerð stjórnarfundar 4. mars 2024

Fundargerð stjórnarfundar 4. mars síðastliðinn var samþykkt.

2. Ósk formanns FFR um leyfi frá stjórnarstörfum

Helga Þórisdóttir, formaður stjórnar FFR, hefur ákveðið að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands. Hún hefur því óskað eftir leyfi frá störfum sem formaður stjórnar FFR þar til niðurstaða um kjörið liggur fyrir, en gengið verður til kosninga 1. júní næstkomandi. Sigríður Kristinsdóttir, varaformaður stjórnarinnar tekur við formannsstörfum og Arnór Snæbjörnsson mætir á samráðsfundi KMR á meðan.

3. Aðalfundur 16. maí nk.

AH gerði grein fyrir stöðu mála. Umræður um skipulag fundarins og mögulegan fundarstjóra. Jafnframt rætt um efni málstofu sem haldin verður áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast og mögulega fyrirlesara, en í undirbúningi er málstofa um samskipta- og orðsporsmál.

4. Kjörnefnd

Kjörnefnd hefur komið saman og hefur þegar verið auglýst eftir framboðum til stjórnar FFR en laus eru þrjú sæti meðstjórnenda til næstu tveggja ára. Framboðsfrestur er til miðnættis miðvikudaginn 17. apríl nk. Kjörnefndin starfar samkvæmt sérstökum starfsreglum sem stjórn hefur samþykkt.

5. Starfsreglur stjórnar

Umræður. Ákveðið að hækka viðmið styrkjárhæða í 7. gr. starfsreglnanna. Jafnframt ákveðið að skoða hvort tilefni sé til þess að bæta inn ákvæði um

endurskoðun fjárhæða einu sinni á ári, t.d. með hliðsjón af breytingum á vísitölu Hagstofunnar. AH og SK munu leggja fram tillögur þess efnis á næsta fundi.

6. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð

7. Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna

AH gerði grein fyrir stöðu málsins. Lítið er að fréttu af skýrslunni en vinnslu hennar hefur seinkað nokkuð mikið.

8. Önnur mál

- Til umsagnar 831. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
- Til umsagnar 832. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur gefið félaginu kost á að leggja fram umsagnir um framangreind tvö frumvörp sem varða bæði breytingar á stofnunum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.; annars vegar um brottfall laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni Norðurlóða (verkefni færast til Háskólans á Akureyri) og hins vegar stofnun Náttúrverndar- og minjastofnunar (verkefni Vatnajökulspjóðgarðs, Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Minjastofnunar Íslands og þess hluta Umhverfisstofnunar er lýtur að náttúruvernd).

Eftir nokkrar umræður var ákveðið að ekki væri sérstakt tilefni til þess að senda inn umsögn eða gera athugasemdir við framangreind frumvörp. Hins vegar spunnust nokkrar umræður um réttarstöðu forstöðumanna þegar stofnanir eru lagðar niður og þar með embætti forstöðumanna þeirra sömu stofnana. Ákveðið að ræða við KMR og ítreka að höfð sé hliðsjón af Stjórnendastefnu ríkisins þegar slíkar breytingar eiga sér stað.